



## Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

### Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa 3 júní 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

### Fundur 01. júní

Farið yfir ársreikninga Skeggjastaðahrepps 2003, fyrri umræða, og athugasemdir gerðar. Leitað verður skýringa hjá endurskoðanda hreppsins fyrir seinni umræðu sem verður 8. júní.

Kjör oddvita og varaoddvita. Endurkjörin voru Áki Guðmundsson oddviti og Eyrún Kr. Júlíusdóttir varaoddviti.

Umsókn, vegna lokafrágangs hafnarinnar, verður send til Siglingastofnunar inn á framkvæmdaráætlun 2005-2008.

### Fundur 08. júní

Seinni umræða ársreikninga 2003.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 49,1 milljónum króna samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 43,9 milljónum króna. Álagnigarhlutfall var 13,03% sem er lögbundið hámark.

Álaningahlutfall fasteignagjalda í A flokki nam 0,4% og í B flokki 1,0%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum ársreikningi A og B hluta var neikvæð um 4,4 milljónir króna, en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 1,3 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2003 nam 92,4 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 111,4 milljóna króna.

Almenn umræða um skólaakstur á Vopnafjörð og starfsmann hreppsins.

Teknar fyrir fundagerðir nefnda og véku Eyrún og Marínó af fundi vegna vanhæfni. Tekið var fyrir erindi skólanefndar um ráðningu kennara og skólastjóra veturinn 2004-2005. Tillaga skólanefndar var samþykkt.

Ákveðið að leita tilboða í peningalán vegna fyrirhugaðra framkvæmda hjá sveitarfélaginu.

Opnunartími skrifstofu verður ræddur við starfsmann skrifstofnunar í sambandi við sumarfrí.

Ákveðið að ráða fleiri vigatarmenn.

Ákveðið að afskrifa fyrnda reikninga að upphæð 850.722 kr.

Refa- og minkaeyðing verður með sama hætti og áður.